

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Skagaströnd.

Breyting á deiliskipulagi Hólaness á Skagaströnd.

Sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagastrandar samþykkti á fundi sínum 14. febrúar 2022 breytingu á deiliskipulagi Hólaness. Breytingin fjallar um áform vegna uppbyggingar sjóbaða við Hólanes ásamt breytingum á lóðamörkum fyrir Fjörubraut 6 og 8. Skilgreind er aðkoma og bílastæði fyrir sjóböð og breytingar á stígakerfi. Breytingartillagan var auglýst með athugasemdafresti til 21. janúar 2022.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga og öðlast þegar gildi.

Skagaströnd, 10. maí 2022.

Alexandra Jóhannesdóttir sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 24. maí 2022